



# MYND2TK05

## Kennsluáætlun – Haustönn 2018

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennari áfangans:**

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), [agustaragnars@fsu.is](mailto:agustaragnars@fsu.is) - viðtalstími á fimmtudögum kl. 10:25-11:20.

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfra formskilning með greiningu grunnformanna bæði þau tvívíðu og þrívíðu. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

### **Markmið áfangans:**

#### *Þekking*

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggja punkta fjarvídd

#### *Leikni*

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á mikilvægi á beytingu línu.
- teikna þrívíðu grunnformi með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni og skyggt með blýanti eða litum.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.

#### *Hæfni*

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna og skyggja mynd af hlutum og umhverfi sínu, bæði raunsætt og abstrakt.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.

### **Kennslubækur og kennslugögn**

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

### Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og mikilvægt að haldi vel utan um allt.
- Nemendur skulu skila ljósmynd af hverju verkefni að því loknu inn á INNU.
- Um er að ræða próflausan símats og leiðsagnarmats áfanga. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, sjálfstæð vinnubrögð, tilraunir, framfarir og mæting.

### Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

### Vægi námsþátta í vetrareinkunn og gróf tímaáætlun á önninni

- 1. Mappa **(5%)** - fyrsta vikan
- 2. Skyggingaraðferðir 1 (gráskali) **(5%)** - 27. ágúst - 30. ágúst
- 3. Tvívíð form og ólíkar skyggingar **(5%)** - 31. ágúst - 4. sept.
- 4. Þrívíð grunnform, fyrra verkefni **(4%)** - 5. sept. - 7. sept.
- 5. Þrívíð grunnform, seinna verkefni **(7%)** - 10. sept. - 16. sept.
- 6. Slöngulína **(5%)** - 17. sept. - 20. sept.
- 7. Raunsæi – abstrakt **(15%)** - 21. sept. - 5. okt.
- 8. Fjarvídd, einn punktur **(8%)** - 8. okt. - 15. okt.
- 9. Fjarvídd, tveir punktar **(8%)** - 16. okt. - 26. okt.
- 10. Fjarvídd í FSu **(15%)** - 29. okt. - 12. nóv.
- 11. Lokaverkefni **(23%)** - 13. nóv. - 7. des.

*Sjá nánar aftar í þessu skjali.*

### Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

*Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.*

---

# VERKEFNI ANNNARINNAR - NÁNAR

---

## Verkefni 1: Mappa gildir 5% (fyrsta vikan)

Búin mappa til úr hvítu kartoni í A2 stærð, (lokuð með límbandi á tvo vegu). Þessi mappa mun hýsa öll verkefni annarinnar.

- Merkingin einungis staðsett neðst á lokuðu langhliðinni (hugsuð eins og bókarkjölur).
- Textinn sem þarf að vera á möppunni:  
Nafn nemanda, nafn áfanga og önn (MYND2TK05, haust 2018).
- Textinn á að vera vel gerður. Ekki er nóg að stafirnir séu einfaldar línur, þeir eiga að mynda form og vera skreyting.
- EKKI myndskreyta alla möppuna, einungis vinna fallega grafík út frá letrinu og í tengslum við það.

---

## Verkefni 2: Skyggingaaðferðir – gildir 5% (27.-30. ágúst)

Fimm mismundandi skyggingar æfðar, allar á saman á einu A4 blaði. Áhersla á að gera frá hinu ljósasta til hins dekksta. Uppbygging myndar: Hvítur rammi, 5 X 6 reitir með hvítri línu milli skyggingar aðferða.

Aðferðirnar fimm:

1. jöfn þétt skygging (hefðbundin, dekkist eftir því sem blýantinum er beitt fastar)
2. línur sem þéttast (fleiri línur og þéttari línur eftir því sem verður dekkra)
3. kross skygging (þar sem alltaf bætast við línur í nýjar áttir til að dekkja)
4. punktaskygging (fleiri punktar eftir því sem dökknar)
5. krotskygging (dekkist eftir því sem blýantinum er beitt fastar)

Sýnishorn frá nemendum:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1407252029361084](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1407252029361084)

-----

### Verkefni 3: Tvívíð form og ólíkar skyggingar – gildir 5% (31. ágúst - 4. sept.)

Ein mynd í stærðinni A4

Tvívíðu grunnformin þrjú (hringur, þríhyrningur og ferhyrningur) notuð endurtekið til að búa til abstrakt mynd.

- Skyggingar aðferðirnar úr **verkefni 2** notaðar að vild
- ekki nota of líka tóna hlið við hlið
- góðar andstæður (ljóst gegn dökku)
- myndin verði með hvíta fleti, svarta fleti, mismunandi grátóna og alls konar skyggingar

**Sýnishorn frá nemendum:**

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1407235569362730](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1407235569362730)

-----

### Verkefni 4: Þrívíðu grunnformin, fyrri æfing – gildir 3% (5. - 7. sept.)

Þrívíðu grunnformin eru: Kassi, pýramídi, kúla, keila og sívalningur.

Nemandi fær A4 blað þar sem þessi fimm form eru þegar teiknuð lauslega. Nemandi skal skyggja formin á trúverðugan máta og gera bakgrunn (sjá sýnishorn).

Muna að huga að ljósi og skugga, nýta aðferðir frá því í verkefni 2 hvað varðar frá hinu ljósasta til hins dekksta.

-----

### Verkefni 5: Þrívíðu grunnformin, seinni æfing – gildir 7% (10. - 17. sept.)

Þrívíðu grunnform fimm fríhendisteiknuð öll á A3 blað, raðað saman að eigin vali. Þau eiga að skarast þ.e. vera fyrir framan eða aftan hvert annað, ofan á o.þ.h. Gott að skoða bls. 3 í glærunum sem fylgdu verkefni 4 til þess að átta sig betur á því hvernig formin eru mynduð.

- Öll formin skyggð með aðferð að eigin vali og lögð áhersla á andstæður frá svörtu yfir í hvítt.
- Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á myndbyggingu.
- Mikilvægt að myndin verði nokkuð heilsteypt.
- Það má hvort heldur sem er styðjast við fyrirmyndir eða gera upp úr sér. ATH. Öll formin fimm þurfa að koma fyrir í myndinni (einu sinni eða oft).

-----

### **Verkefni 6: Slöngulína – gildir 5% (17. - 20. sept.)**

Ein mynd í stærðinni A4.

Slöngulína (ormur, kaðall, hvað sem er) búin til og látin hlykkjast um allt blaðið, fer ýmist undir eða yfir sjálfa sig og má fara inn og út af blaðinu að vild. Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á myndbyggingu.

- ljósið kemur ákveðið úr einni átt
- slangan skyggð með aðferð að eigin vali þannig að trúverðugt verði.
- kostur að huga einnig að bakgrunni t.d. dökkur eða skyggður að einhverju leiti

**Sýnishorn frá nemendum:**

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1407228226030131](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1407228226030131)

-----

### **Verkefni 7: Frá raunsæi yfir í abstrakt – gildir 15% (21. sept. - 5. okt.)**

Ein mynd í A3 stærð.

- Nemendur finna sér eina raunsæja ljósmynd.
- Hafa skal í huga að nemandi sjái sér fært að rýna út tví- og þrívíð form í ljósmyndinni og sjái möguleika á að brjóta hana verulega upp á sjálfstæðan máta.
- Myndin teiknuð upp og breytt úr raunsæi yfir í abstrakt, ýmist með tvívíðum eða þrívíðum formum.
- Nota má allar skyggingar aðferðir.
- Myndin þarf að hafa svarta fleti, hvíta fleti, og alls konar grátóna með mismunandi skyggingar aðferðum.
- Gerðar litlar skissur í byrjun til að átta sig á uppbotinu og myndbyggingu.

**Sýnishorn frá nemendum:**

<https://www.youtube.com/watch?v=NDgLHV9sk7o>

<https://www.youtube.com/watch?v=XNMTF0Kpwfk&feature=youtu.be>

<https://www.youtube.com/watch?v=F5GPMQXREu4&feature=youtu.be>

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=968757536543871](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=968757536543871)

### **Verkefni 8: Fjarvídd út frá einum punkti – gildir 8% (8. - 15. okt.)**

Tvær myndir (án skyggingar) - hvor í A4 stærð.

Æfð fjarvídd út frá einum hvarfpunkti. Mestu máli skiptir að tileinka sér fjarvíddartæknina, ná að skilja og koma frá sér nokkrum helstu reglum sem þar gilda. Styðjast má við fyrirmyndir.

1. Inni mynd út frá einum hvarfpunkti. Einföld stofa, hið minnsta nokkur húsögn s.s. sófi/rúm, stóll, borð og hillur, gluggi og/eða hurð, gluggi og eða hurð á hlið, parketlögn.
2. Úti mynd út frá einum hvarfpunkti. Einföld götummynd, hið minnsta nokkur hús, þak með risi, gluggar, gangstétt með hellum.

#### **Sýnishorn frá nemendum:**

Innimyndir:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1715368825216068](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1715368825216068)

Útimyndir:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1715370665215884](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1715370665215884)

-----

### **Verkefni 9: Fjarvídd út frá tveimur punktum – gildir 8% (16. - 26. okt.)**

Tvær myndir (án skyggingar) hvor í A4 stærð.

Æfð fjarvídd út frá tveimur hvarfpunktum. Mestu máli skiptir að tileinka sér fjarvíddartæknina ná að skilja og koma frá sér nokkrum helstu reglum sem þar gilda. Styðjast má við fyrirmyndir.

1. Inni mynd út frá tveimur hvarfpunktum. Einfalt herbergi, hið minnsta nokkur húsögn s.s. sófi/rúm, stóll, borð og hillur, gluggi og/eða hurð.
2. Úti mynd út frá tveimur hvarfpunktum. Einföld götummynd, hið minnsta nokkur hús, þak með risi, gangstétt með hellum.

#### **Sýnishorn frá nemendum:**

Innimyndir:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1715374171882200](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1715374171882200)

Útimyndir:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1715375685215382](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1715375685215382)

## Verkefni 10: Fjarvídd í FSu – gildir 15% (29. okt. - 12. nóv.)

Ein mynd í A3 stærð. Hér þarf að huga bæði að fjarvídd og skyggingum.

- Notaðar útprentaðar ljósmyndir af rýmum í FSu til hliðsjónar. Þú mátt taka mynd og nota ef kennari samþykkir. Kennari annars með úrval mynda, sjá fylgiskjöl.
- Nemendur kynna sér notagildi ljósaborðs til að draga fram aðallínur og gera góða grein fyrir þrívíddinni.
- Nemendur verða að nýta sér þekkingu og tækni sem þeir öðluðstu í verkefnum 8 og 9 hvað varðar fjarvíddina.
- Þegar komin er heildarmynd á blaðið er allt skyggt frá hinu ljósasta til hins dekksta á sem trúverðugastan máta. Muna eftir að notast við þá skyggingar tækni sem nemendur lærðu og æfðu á fyrri hluta annarinnar.

### Sýnishorn frá nemendum:

<https://www.youtube.com/watch?v=Ybu73qN99BI&feature=youtu.be>

<https://www.youtube.com/watch?v=JkiUbyZHU8Y&t=1s>

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1407203606032593](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1407203606032593)

-----

## Verkefni 11: Lokaverkefni – gildir 23% (13. nóv. - 7. des.)

Ein mynd í A3 stærð.

Í þessari mynd þarf að taka fyrir alla þá þætti sem nemandi hefur unnið með á önninni. Búa þarf til heilsteypta abstrakt (jafnvel súrrealíska) mynd út frá myndbyggingarlegum sjónarmiðum. Nemendur mega styðjast við ljósmyndir og ljósaborð í skissuvinnunni. Myndin verður að vera vandlega skyggð með svörtum flötum, hvítum og grátónum. Gerðar litlar skissur í hugmyndavinnunni í byrjun.

Þetta verður að koma skýrt og greinilega fram í myndinni:

- mismunandi skyggingar,
- tvívíð form,
- þrívíðform,
- slöngulína
- **og síðast en ekki síst** - skýr fjarvídd.

### Sýnishorn frá nemendum:

[https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album\\_id=1407186482700972](https://www.facebook.com/pg/FSu-myndlist-505070602912569/photos/?tab=album&album_id=1407186482700972)